# BLÁSKÓGABYGGÐ - Laugarvatn - þéttbýli - deiliskipulagsbreyting




Gildandi deiliskipulag, mkv. 1 : 2.000

## Greinargerð

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi þéttbýlisins á Laugarvatni, sem auglýst var í B-deild 11. jan 2013 nr. 8. m.s.br. Deiliskipulagið nær til lóðarinnar Lindarbraut 8, Ösp, sem hefur um árabil verið skólastjórabústaður.

Deiliskipulagsbreytingin felst í breyttri landnotkun, en í stað þess að lóð sé skilgreind sem íbúðarsvæði, er hún nú skilgreind sem stofnanasvæði, og er það í samræmi við tillögu að breytingu aðalskipulags.

Ástæðan fyrir breytingunni er sú að ekki er þörf á húsnæði fyrir skólastjóra eins og stendur en aftur á móti er þörf á fleiri kennslustofum og hentar húsnæðið vel í það.

Sveitarstjórn metur það svo að um óverulega breytingu sé að ræða þar sem breytingin varðar einungis skólastarfsemina og starfsemi skólans en hefur ekki áhrif á aðra þætti. Aðgengi að lóðinni er frá skólalóðinni og verður óbreyttur.

Uppdráttur helst óbreyttur. Þeir skilmálar sem breytast eru undir kafla 4.6. í greinargerð með deiliskipulaginu.

Skilmálar **fyrir** breytingu:

Íbúðarhús við Torfholt 2-6 og 14 og Lindarbraut 8 og 10
Nýtingarhlutfall 0,25
Hús skulu vera á 1 hæð
Mænishæð verði að hámarki 5,90m yfir uppgefnum gólfkóta í mæni
Þakform ris eða einhalla 10-30°

Skilmálar **eftir** breytingu:

Hús við Torfholt 2-6 og 14 og Lindarbraut 8 og 10
Nýtingarhlutfall 0,25
Hús skulu vera á 1 hæð
Mænishæð verði að hámarki 5,90m yfir uppgefnum gólfkóta í mæni
Þakform ris eða einhalla 10-30°
Lindarbraut 8 (Ösp) má nýta sem kennsluhúsnæði, en önnur hús eru íbúðarhús.

**Aðrir skilmálar gildandi deiliskipulags m.s.br. haldast óbreyttir.**

Deiliskipulagsbreyting þessi sem grenndarkynnt hefur verið skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. var samþykkt í sveitastjórn Bláskógabyggðar þann 9. maí 2019

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Skipulagsfulltrúi

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann ____________




Hluti úr breyttu aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027

## Skýringar

| | |
|---|---|
| Deiliskipulagsmörk | Bílastæði innan lóðar, lega leiðbeinandi |
| Lóðamörk | Umferðargata |
| Byggingarreitur, hámark | Aðalgöngu-/-hjólaleið |
| Núverandi hús | Gönguleið |
| Mænistefna | Útivistarstígur |
| 1 Húsnúmer | Hættusvæði - náttúruvá |
| 1000 m² Stærð lóðar í fermetrum | Mörk deiliskipulagsbreytingar |
| 1h Hæðir húsa | |

HEITI VERKS:
BLÁSKÓGABYGGÐ
LAUGARVATN - ÞÉTTBÝLI

HEITI TEIKNINGAR:
DEILISKIPULAGSBREYTING
LINDARBRAUT 8

| VERKNR: | MKV: | TEIKNING NR: |
|---|---|---|
| 211-004 | 1 : 1.000 Í A3 | |
| TEIKNAÐ AF: | HANNAÐ AF: | DAGS. TEIKN: |
| sg | sg | 30. apríl 2019 |
| YFIRL. / UNDIRSKRIFT: | | TEIKN. BREYTT: |

LANDFORM ehf
LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA
AUSTURVEGI 6 800 SELFOSS sími: 482 4090 faxnr: 482 3542
netfang: landform@landform.is veffang: www.landform.is